



## Vorþingið Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins 28.-30.mars 2017

Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins er pólitískur samstarfsvettvangur evrópskra sveitarfélaga og svæða. Ísland á þrjá fulltrúa á þinginu sem stjórn sambandsins tilnefnir til fjögurra ára í senn. Þingið kemur saman tvisvar á ári, að vori og hausti í Evrópuráðshöllinni í Strassborg. Eitt af meginverkefnum þingsins er að hafa eftirlit með stöðu Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga og að fylgjast með framkvæmd sveitarstjórnakosninga í aðildarríkjum Evrópuráðsins. Þingið ályktar einnig um ýmis málefni sem varða sveitarstjórnarstigið, sérstaklega um lýðræðis- og mannréttindamál, og er ályktununum eftir atvikum beint að þingi Evrópuráðsins og ráðherranefnd, svo og að ríkisstjórnnum aðildarríkja Evrópuráðsins og sveitar- og svæðisstjórnnum innan þeirra.



Vorþingið 2017 sátu Halldór Halldórsson, formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga, Gunnar Axel Axelsson, bæjarfulltrúi Hafnarfjarðarbæ og Gunnhildur Ingvarsdóttir, bæjarfulltrúi á Fljótshéraði ásamt Önnu G. Björnsdóttur, ritara íslensku sendinefndarinnar og Guðrúnu D. Guðmundsdóttur, forstöðumanni Brusselskrifstofu Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Að auki var Tinna Iseborn framkvæmdastjóri Landssambands Ungmennafélaga valin af Evrópuráðinu til að vera ein af 36 æskulýðsfulltrúum á þinginu.

Yfirskrift Sveitarstjórnarþingsins að þessu sinni var *Dreifstýrð stefnumótun sem forsenda farsællar aðlögunar innflytjenda* en eitt stærsta mál þingsins að þessu sinni var móttaka og aðlögun flóttafólks og innflytjenda, með sérstakri áherslu á fylgdarlaus börn og stöðuna í sveitarfélögum sem liggja við ytri landamæri Schengen og bera hitann og þungann af flóttamannastraumnum. Samþykkt var [ályktun](#) og [tilmæli](#) um hlutverk sveitarfélaga og svæða gagnvart innflytjendum; frá móttöku til aðlögunar. Þá var fjallað um þátttökulýðræði, hindranir sem standa í vegi fyrir að ungmenni geti staðið á eigin fótum og fengið atvinnu, opin gögn, mannréttindamál á sveitarstjórnarstigi og baráttu gegn fordómum gagnvart Rómafólki. Þingið samþykkti einnig [gátlista um aðgerðir til að koma í veg fyrir misnotkun á stjórnsýslu sveitarfélaga í aðdraganda kosninga](#).

### **Mannréttindi sveitarstjórnarmanna í Tyrklandi virt að vettugi**

Fjallað var um stöðu mála í Tyrklandi og skýrslu þingsins um hana en þar hefur fjöldi kjörinna bæjarstjóra verið fangelsaður án dóms og laga og stjórnvöld skipað nýja í þerra stað. Halldór Halldórsson, vakti máls á frelsissviptingu Nurhayat Aztun, eins fulltrúa Tyrklands á Sveitarstjórnarþinginu, en henni hefur verið haldið í einangrun síðan í nóvember án þess að henni hafi verið birt ákæra. Halldór áréttaði tilmæli þingsins til tyrkneskra stjórnvalda um að taka tafarlaust til skoðunar stöðu frelsissviptra sveitarstjórnarmanna og tryggja að evrópskar mannréttindareglur séu í heiðri hafðar. [Ályktun um stöðu sveitarstjórnarmanna í Tyrklandi](#).

### **Vaxandi hatursorðræða gegn minnihlutahópum áhyggjuefni**

Við setningu þingsins lýsti Thorbjörn Jagland, hinn norski framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, áhyggjum af „falsfréttum“ og popúlisma sem kyndir undir hatursorðræðu gegn minnihlutahópum. Einnig fjallaði hann um stöðu mannréttinda í Tyrklandi og Rússlandi og aðgerðir gegn hryðjuverkum og ófgahyggju.



### **Íslenska sveitarstjórnarstigið í megindráttum í samræmi við Evrópusáttmála um staðbundið lýðræði**

Samþykktar voru skýrslur um stöðu sveitarstjórnarstigsins gagnvart Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga í Finnlandi, Eistlandi, Möltu og Íslandi. [Niðurstöður skýrslunnar um Ísland](#) eru í megindráttum jákvæðar. Þó er vakin athygli á gráum svæðum á milli ríkis og sveitarfélaga, að endurskoða þurfi jöfnunarkerfið og ófullnægjandi fjárveitingum til að standa undir nýjum verkefnum og öðrum verkefnum en lögbundnum. Halldór Halldórsson formaður íslensku sendinefndarinnar tók undir niðurstöður skýrslunnar. Jón Gunnarsson ráðherra sveitarstjórnarmála lýsti í ræðu sinni yfir vilja til að ráðast gegn gráum svæðum og að fara yfir fjárhagsstöðu sveitarfélaga í ljósi ábendinga í skýrslunni í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga. Hann sagði einnig frá því að hann hefði kynnt fyrir landsþingi sambandsins hugmyndir um endurskoðun jöfnunarkerfisins þannig að það geti stutt betur við sameiningar sveitarfélaga.





## Evrópska lýðræðisvikan 10 ára

Fundarmenn fögnuðu tíu ára afmæli [Evrópsku lýðræðisvikunnar \(ELDW\)](#) sem hleypt var af stokkunum til að hvetja sveitarfélög til að standa fyrir íbúalýðræðisviðburðum í þeirri viku í október sem Sveitarstjórnarsáttmálinn tók gildi. Yfir þúsund bæir, borgir og svæði hafa tekið þátt í verkefninu og skipulagt fjölbreyttar aðgerðir.



Gunnar Axel Axelsson, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði og einn þriggja fulltrúa í íslensku sendinefndinni ávarpaði þingið og sagði frá þróun íbúalýðræðis hjá íslenskum sveitarfélögum frá efnahagshruninu 2008 og verkefnum sem íslensk sveitarfélög og sambandið hafa unnið að á þessu sviði síðustu ár, m.a. handbók um íbúalýðræði fyrir sveitarfélög sem verður væntanlega gefið út í haust í tengslum við málþing fyrir sveitarfélög um íbúalýðræði. Á málþinginu er einnig ætluð að kynna Evrópsku lýðræðisvikunni í samstarfi við Sveitarstjórnarþingið.

[Kynningarmyndband um evrópsku lýðræðisvikuna](#) í tilefni af 10 ára afmælinu.

### Frá móttöku til aðlögunar, hlutverk sveitarfélaga og svæða í flóttamanna og innflytjendamálum.

Á þinginu var samþykkt [skýrsla](#) um þetta efni með ábendingum og tillögum. Í skýrslunni er farið yfir hlutverk sveitarfélaga og svæða í Evrópuráðslöndunum sem standa frammi fyrir nýjum áskorunum vegna vaxandi fjölda flóttamanna- og innflytjenda á undanförunum árum. Lögð er áhersla á að þar sem ESB og Evrópuríki hafi ekki brugðist á skýran og heildstæðan hátt við aðstæðum, hafi sveitarfélög og svæði þurft að takast á við neyðaraðstæður og láta innflytjendum og flóttamönnum í té þjónustu og vernd af takmörkuðum eignum og án nægilegs stuðnings. Þingið hvetur öll stjórnsýslustig til að vinna betur saman og samhæfa aðgerðir sínar til að koma á móttökustefnu sem tryggir mannréttindi allra flóttamanna og innflytjenda, hver sem lagaleg staða þeirra er, og greiðir fyrir langtíma aðlögun þeirra með aðgerðum strax eftir komu. Sveitarfélögin séu í lykilstöðu til að takast á við úrlausnarefni sem tengjast flóttamönnum. Þingið beinir þeim tilmælum til ríkja Evrópuráðsins að vinna gegn stjórnsýsluhindrunum sem hælisleitendur finna fyrir, að þróa skýran lagaramma og tryggja sveitarfélögum og svæðum fjárhagslegan stuðning. Gefa þurfa hælisleitendum tækifæri til að vinna meðan á meðferð umsókna þeirra stendur til þess að aðlögun geti hafist sem fyrst.

Þingið hvetur sveitarfélög og svæði til að bjóða upp á fjölmenningslega kennslu til að móttökusamfélagið öðlist meiri þekkingu og vitund um þá auðlegð sem býr í innflytjendum vegna bakgrunns þeirra og þess sem þeir geta lagt af mörkum til nýs heimalands. Enn fremur sé mikilvægt að bjóða innflytjendum upp á lýðræðiskennslu til að auka skilning þeirra á félagslegum og borgaralegum gildum móttökusamfélagsins. Það hvetur sveitarfélög og svæði til að byggja upp þekkingu meðal kjörinna fulltrúa og starfsfólks og koma á markvissu móttöku- og stuðningskerfi fyrir innflytjendur. Aðgerðir þurfi bæði að taka mið af hagsmunum upprunalegra íbúa og innflytjenda. Sveitarfélög og svæði eru hvött til að hagnýta sér [verkfærakistu þingsins um hvernig skipuleggja megi samtal á milli menningar- og trúarhópa](#) sem hefur verið þýdd á íslensku. Þau eru hvött til að vinna á hindrunum fyrir aðgengi flóttamanna að vinnumarkaðinum með því að gera aðlögunaráætlanir fyrir þá og greiða fyrir því að þeir geti unnið að samfélagsþjónustuverkefnum fyrst eftir komuna meðan þeir eru í millibilsástandi. Þannig geti þeir kynnst vinnuumhverfi og orðið sýnilegir í nýju samfélagi á jákvæðan hátt. Sveitarfélög og svæði eru hvött til að bjóða upp á húsnaðisúrræði sem stuðla að blöndun hópa og jákvæðum samskiptum á milli flóttamanna og

upprunasamfélagsins. Koma þarf í veg fyrir að „Flóttamannagettó“ verði til. Sveitarfélög og svæði eru hvött til að skoða þann stuðning sem [Próunarbanki Evrópu](#) getur veitt til verkefna.

Undir þessum dagskrárlið flutti yfirlýsingu Tomas Bocek, sem er sérstakur erindreki framkvæmdastjóra Evrópuráðsins í málefnum innflytjenda og flóttamanna. Hlutverk hans er að kynna sér stöðu flóttamanna og innflytjenda í löndum Evrópuráðsins og miðla upplýsingum til yfirstjórnar Evrópuráðsins. Hann tilgreindi fjögur lykilatriði úr skýrslum sínum: Skoðanamyndunarhlutverk bæjarstjóra, mikilvægi samvinnu milli sveitarfélaga og ríkisvaldsins, leitina að raunhæfum lausnum sem fela í sér nýsköpun og mikilvægt framlag sjálfbóðaliða.

### **Hlutverk sveitarfélaga til að tryggja að ungt fólk geti staðið á eigin fótum og orðið virkir samfélagsþegnar**

Fjallað var um [skýrslu um stöðu ungs fólks í Evrópu](#) og hvað sveitarfélög geta gert til að auðvelda þeim að verða sjálfstæðir einstaklingar og fullgildir þátttakendur í samfélaginu. Í kjölfarið samþykktu fundarmenn [tilmæli](#) til sveitarfélaga um nýsköpun í stefnumótun og aðgerðir í málefnum ungs fólks, s.s. að því er varðar samráð, menntun, heilbrigðisþjónustu, húsnæði, atvinnu og aðgerðir til að gera þeim kleift að taka virkan þátt í vinnumarkaðinum. Mælst er m.a. til að sveitarfélög og svæði:

- Setji á fót upplýsinga- og ráðgjafarmiðstöðvar fyrir ungt fólk.
- Tryggi mannréttindamenntun í skólum, styrki tengsl formlegrar og óformlegrar menntunar annars vegar og tengsl æskulýðssamtaka, frjálsra félagasamtaka og menntastofnana hins vegar.
- Tryggi viðeigandi menntun eða þjálfun fyrir ungt fólk sem á undir högg að sækja.
- Auki aðgengi að starfsnemastöðum og framboð menntunar fyrir fólk eldra en 18.
- Auki framboð starfa fyrir ungt fólk með samstarfi opinberra aðila og einkageirans og stuðningi til ungra frumkvöðla.
- Komi á kerfi þar sem starfsmenntum og sjálfböðavinna telst til starfsreynslu.
- Tryggi framboð á ódýru húsnæði, lánum og fjárstuðningi vegna húsnæðis fyrir ungt fólk.
- Setji á fót húsnæðisúrræði þar sem ungt fólk getur búið tímabundið (2-3 saman) ásamt starfsmanni og deilt heimilisverkum.
- Sjái til þess að ungt fólk eigi kost á lánum fyrir tryggingum fyrir leigusamningum.
- Bjóði upp á e.k. lífsleikniþjálfun og aðstoð til að gera ungu fólki kleift að búa sjálfstætt.
- Bjóði reglulega upp á kynfræðslu, og fræðslu um geðheilbrigði, ofbeldi, einelti o.fl.

Einnig er hvatt til nánara Evrópusamstarfs í málefnum ungs fólks.

### **Mannréttindi og sveitarstjórnarstigið**

Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins, Nils Muiznieks, ávarpaði þingið. Hann lagði sérstaka áherslu á málefni Rómafólks, kynjajafnrétti og aðgerðir til að koma í veg fyrir ofbeldi gegn konum, móttöku og aðlögun flóttafólks og innflytjenda, réttindi fatlaðs fólks og LGBT-fólks og sagði að án samstarfs og samráðs við sveitarstjórnarstigið væri ómögulegt að hrinda mannréttindum þessara hópa í framkvæmd. Hann minntist sérstaklega á vandkvæði í ýmsum aðildarríkjum er tengjast fjölskyldusameiningum, ótrygga réttarstöðu og takmarkaðan aðgang að vinnumarkaði sem grafi undir aðlögun til lengri tíma litið. Hann lagði áherslu á gagnsemi landsbundinna framkvæmdaáætlana í mannréttindamálum til að stuðla að mannréttindavernd og kallaði eftir slíkum áætlunum á sveitarstjórnarstigi. Hann áréttaði ábyrgð sveitarstjórnarstigsins varðandi aðgengi að opinberum byggingum, samgöngum fyrir fólk með fötlun og stuðning svo fólk geti lifað sjálfstæðu lífi og kallaði eftir meiri metnaði á þessu sviði. Mannréttindafulltrúinn lýsti einnig áhyggjum af því að nú sé vegið að viðurkenndum mannréttindum kvenna, s.s. á sviði kynfrelsis.

Harald Bergmann, talsmaður Sveitarstjórnarþingsins um mannréttindi vakti athygli á framkvæmdaáætlun þingsins í mannréttindamálum sem kveðjur m.a. um stofnun sérfræðinganefndar í

mannréttindamálum sem vinnur nú að handbók um mannréttindi á sveitarstjórnarstigi. Haldin verður ráðstefna um efnið í Hollandi í 3. október þar sem handbókin verður kynnt. Meginviðfangsefnið er bann við mismunun og mannréttindi flóttafólks, hælisleitenda og innflytjenda, Róma og LGBT-fólks.

### **Opin gögn; leið til að veita betri þjónustu.**

Á þinginu var samþykkt [skýrsla](#) með [tilmælum og ábendingum](#) um hvernig sveitarfélög og svæði geta með því að opna gagnasöfn sín til endurnýtingar og með því að hvetja til endurnýtingar veitt betri þjónustu og stuðlað að því til verði ný þjónustutilboð fyrir íbúa. Skýrslan gefur áhugaverða innsýn í hvernig opnun gagna getur stuðlað að meiri pólitískri og samfélagslegri þátttöku íbúa, bætt opinbera þjónustu og stuðlað að margvíslegum félagslegum, menningarlegum, lýðræðislegum og umhverfislegum nýjungum. Hægt sé að auka lýðræði í sveitarfélögum með opnum gögnum, auka gagnsæi í ákvörðunartökuferlum og stuðla að aukinni ábyrgð sveitarstjórna. Að auki geti opið gögn verið gott aðhald gegn spillingu með því að opna upplýsingar um fjármál sveitarstjórna og árangur. Þingið telur ótvírætt að opin gögn feli í sér tækifæri til að breyta evrópskum borgum í opnari, gagnsærri og lýðræðislegri stofnanir. Það vitnar til skýrslu frá Sameinuðu þjóðanna sem talar um „gagnabyltingu“ og lýsir gögnum sem „lífsblóði“ fyrir ákvörðunartöku og hráefni til að stuðla að því að stjórnvöld standi undir ábyrgð.

Sveitarstjórnarþingið hvetur sveitarfélög og svæði til að móta stefnu um opin gögn fyrir alla íbúa og tryggja verndun persónuupplýsinga. Þingið beinir því til Ráðherranefndar Evrópuráðsins að viðurkenna mikilvægi opinna gagna til að stuðla að lýðræðisumbótum, hvetur hana til að setja leiðbeiningar fyrir aðildarríki um staðla fyrir opin gögn og stefnumótun og til að bregðast við mismunandi þekkingarforsendum íbúa til að hagnýta sér opin gögn. Æ fleiri borgir hafi sýnt í verki að það eru geysimikil tækifæri í opnum gögnum fyrir frjáls félagasamtök og hagsmunasamtök. Frjáls félagasamtök séu, oft í samstarfi við sveitarfélög, byrjuð að endurnýta opin gögn á mörgum sviðum til að stuðla að betri opinberri stjórnsýslu, þ. á m. á sviði samgangna, lýðheilsu, notkun á menningarhúsum, umhverfismálum og orkumálum. Opin gögn geri stjórnsýsluna gagnsærri og veita íbúunum ekki aðeins upplýsingar um hvað sveitarstjórnir eru að fást við heldur geta líka eflt þá til að taka þátt í ákvörðunartökuferlum í sveitarfélögum. Endurnýting opinberra upplýsinga getur líka stuðlað að félagslegum og hagrænum gróða með því að gera þriðja aðila kleift að skapa nýja vöru og þjónustu. Samkvæmt nýlegum spám er talið unnt að auka þjóðarframleiðslu í heiminum um meira en 1% með nýsköpun þriðju aðila á opinberum gögnum.

Sveitarstjórnarþingið hvetur sveitarfélög í Evrópuráðslöndunum til að þróa stefnu til að hægt sé að lesa opin gögn með vélrænum hætti og á snjalltækjum. Í skýrslunni er gefin fjölmörg dæmi um áhugaverð verkefni sem hafa orðið til með hagnýtingu opinberra gagna á fjórum sviðum:

1. Til að bæta opinberra þjónustu.
2. Til að styrkja lýðræði á sveitarstjórnarstigi.
3. Til að stuðla að grænni borgum.
4. Til að styrkja menningarstarfsemi.

Að lokum eru gefnar leiðbeiningar um hvaða skref sveitarfélög þurfi að taka til að opna gögn og fá félagasamtök, íbúa og einkaaðila til að hagnýta sér þau til hagræns og samfélagslegs ágóða.

Anna G. Björnsdóttir, ritari Íslensku sendinefndarinnar á Sveitarstjórnarþinginu  
Guðrún D. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Brusselskrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga